


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	SPÆN1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	Auður Inga Ólafsdóttir	Sk.st.	AUÐ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi í kennslutímum. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og nemendum er kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	SPÆN1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	

Námsgögn:


- *Nos vemos! 1 – Cuaderno de ejercicios* (útgáfuár: 2014) og *Libro de alumno* (útgáfuár 2014). Útg. Difusión. (**Bláar bækur**). Fást m.a. í Eymundson – Akureyri.
- Góðar orðabækur.

Áætlun um yfirferð:

Aðgangsorð Moodle: spæ303fjar

Vika	Dagsetning	Libro del alumno	Cuaderno de ejercicios	Námsmat
5	30/1-3/2	Kafli 1	Æfingar í Cuaderno bókinni eru settar fyrir á Moodle	Kynning áfangans
6	6/-10/2	Kafli 1		
7	13/-17/2	Kafli 1		Moodle verkefni
8	20-24/2	Kafli 2		Kaflapróf 1
9	28/2-3/3	Kafli 2		
10	6-10/3	Kafli 2		Skilaverkefni
11	13-17/3	Kafli 3		Moodle verkefni
12	20-24/3	Kafli 3		Kaflapróf 2
13	27-30/3	kafli 3		
14	3/4-7/4	Kafli 4/kafli 5		Hlustun - Skilaverkefni
15	10-17/4	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ
16	18/-21/4	Kafli 5		Skila inn hljóðskrá
17	24-28/4	Kafli 5		

- Birt með fyrirvara um breytingar -

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	SPÆN1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Skilaverkefni gegnum Moodle	Tvö eyðufyllingarverkefni úr köflum bókar, 1 skriflegt verkefni og ein sjálfstæð skilavinna (2.5% fyrir hvert af þessum verkefnum)		10%
Kaflapróf	Tvö kaflapróf verða á önninni, (10% hvert) - tekið gegnum Moodle.		20%
Munnlegt verkefni	Munnlegt verkefni - hljóðskrá úr einhverju efni bókar - upptöku skilað til kennara gegnum Moodle		10%
Hlustunarverkefni	Hlustun úr efni sem kennari velur. Nemendur svara spurningum við hlustunina skriflega og senda gegnum Moodle		10%
Lokapróf	Allt efni annarinnar er til lokaprófs- tekið án orðabókar		50%
	Samtals:		100%
<p>Annað: Nemanda ber að ljúka öllum námsþáttum annarinnar. Einkunn 0 er gefin fyrir verkefni/próf sem ekki er skilað inn og nemandi fær EKKI annað tækifæri til að skila, nema sérstakar óviðráðanlegar aðstæður hafi komið upp. Einkunn 0 er einnig gefin ef <i>augljóst</i> þykir að þýðingasiður á netinu eða annar en nemandi hafi unnið verkefni annarinnar. <u>Til þess að vetrareinkunn reiknist með þarf að ná 45 prósentustigum af 100 mögulegum á lokaprófi.</u></p>			

Annað sem kennari vill koma á framfæri:

- Öll skil verkefna/prófa/hljóðskrá o.s.fr. fara fram í gegnum Moodle. Ekki er tekið við þeim öðruvísi. Nemendur fa rúman tíma til að skila inn gögnum, eða 2 vikur í hvert sinn, nema annað komi fram við innlögn.

Dagsetning: 01.02.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

